

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) nr. 862/2014****2015/EES/16/38****frá 7. ágúst 2014****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 496/2011 að því er varðar heiti handhafa leyfis
fyrir fôðuraukefninu natríumbensóati (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri ⁽¹⁾,
einkum 3. mgr. 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Taminco BVBA hefur lagt fram umsókn í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þar sem lögð er til breyting á heiti handhafa leyfisins eins og sett er fram í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 496/2011 ⁽²⁾.
- 2) Umsækjandinn fullyrðir að hann hafi tekið yfir fôðuraukefnafyrirtækið frá Kemira Oyj, frá og með 6. mars 2014, og eigi nú markaðssetningarréttinn fyrir fôðuraukefnið natríumbensóat. Umsækjandinn hefur lagt fram skjöl til stuðnings staðhæfingum sínum.
- 3) Fyrirhuguð breyting á skilmálum leyfisins er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á viðkomandi aukefni. Matvælaöryggisstofnun Evrópu var upplýst um umsóknina.
- 4) Til að gera umsækjanda kleift að nýta markaðssetningarrétt sinn undir heitinu Taminco Finland Oy er nauðsynlegt að breyta skilmálum leyfanna.
- 5) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 496/2011 til samræmis við það.
- 6) Þar eð breytingin á skilyrðunum fyrir leyfinu tengist ekki öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil svo hægt sé að nota fyrirbyggjandi birgðir.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fôður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 496/2011**

Í stað orðanna „Kemira Oyj“ í öðrum dálki viðaukans komi „Taminco Finland Oy“.

*2. gr.***Umbreytingarráðstafanir**

Fyrirliggjandi birgðir aukefnisins, sem hafa verið framleiddar og merktar fyrir 28. ágúst 2014 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 28. ágúst 2014, má áfram setja á markað og nota þar til þær eru uppnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 235, 8.8.2014, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2015 frá 25. febrúar 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 496/2011 frá 20. maí 2011 um leyfi fyrir natríumbensóati sem fôðuraukefni fyrir fráferugrisi (leyfishafi er Kemira Oyj) (Stjtið. ESB L 134, 21.5.2011, bls. 9).

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. ágúst 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.
